



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 2/2017 Álagning dagsekta á Saga-Net Útvarp Saga ehf.

I.

Inngangur

Mál þetta varðar beitingu dagsekta skv. 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 36. gr. reglugerðar 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, vegna óheimillar notkunar Saga-Net Útvarp Saga ehf. á tíðninni 102,1 MHz. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kvað á um það með ákvörðun nr. 15/2016, dags. 25. október 2016, að Saga-Net Útvarp Saga ehf. skyldi láta af notkun tíðninnar og að eftir 25. nóvember 2016 yrði gripið til viðeigandi ráðstafana skv. lögum um fjarskipti nr. 81/2003, til þess að stöðva notkun á tíðninni.

Með bréfi, dags. 5. janúar 2017, boðaði PFS að stofnunin hefði í hyggju að leggja dagsektir að upphæð kr. 75.000 á dag, á Saga-Net Útvarp Saga ehf. vegna heimildarlausrar notkunar á tíðninni 102,1 MHz. Veittur var frestur til 12. janúar 2017 til þess að koma á framfæri andmælum. Fresturinn var síðar framlengdur, að ósk Saga-Net Útvarp Saga ehf., til 19. janúar 2017.

Andmæli bárust frá Saga-Net Útvarp Saga ehf. með bréfi dags. 19. janúar 2017. PFS hefur lagt mat á framkomin andmæli og komist að niðurstöðu í malinu. Eftirfarandi er nánari lýsing á málavöxtum, sjónarmiðum aðila, lagarökum og niðurstöðu PFS.

II.

Málavextir

Með bréfi, dags. 8. apríl 2015, sótti Saga-Net Útvarp Saga ehf. um tíðni á FM bandi fyrir útsendingar á dagskránni „Útvarp Saga“ á höfuðborgarsvæðinu. Ástæða umsóknar var sögð óánægja með dreifingu á svæðinu. Fyrir var Saga-Net Útvarp Saga ehf. með heimild til að nota tíðnina 99,4 MHz á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkur samskipti fóru fram á milli umsækjanda og PFS á meðan umsóknin var til meðferðar hjá stofnuninni og er ekki ástæða til að rekja þau hér, en afgreiðsla PFS á umsókninni var á þá leið að gefin var út skammtímaheimild til Saga-Net Útvarp Saga ehf. fyrir tíðnina 102,1 MHz til þess að félagið gæti gert prófanir á útsendingum með henni. Gildistími heimildarinnar var til 31. júlí 2015. Saga-Net Útvarp Saga ehf. var enn fremur gerð grein fyrir því að ef vilji væri fyrir því að fá langtímaheimild fyrir notkun á tíðninni þyrfti félagið að skila inn tíðninni 99,4 MHz, enda úthlutaði PFS ekki tveimur tíðnum fyrir sömu dagskrá á sama svæði.

Prófanir Saga-Net Útvarp Saga ehf. á tíðninni 102,1 MHz drógust á langinn, en með bréfi, dags. 5. apríl 2016, veitti PFS lokafrest til 18. apríl 2016 til að komast að niðurstöðu um hvora tíðnina

fyrirtækið kysi að nota. Þann 20. apríl barst tölvupóstur frá Saga-Net Útvarp Saga ehf. þar sem óskað var eftir varanlegri heimild á 102,1 MHz auk 99,4 MHz.

Með bréfi PFS 20. júní 2016 tilkynnti PFS að stofnunin hefði í hyggju að synja Saga-Net Útvarp Saga ehf. um varanlega úthlutun á aukatíðni fyrir Útvarp Sögu. Í bréfinu var lýst skipulagi FM tíðnibandsins og gerð grein fyrir því að tíðnir á bandinu eru takmörkuð auðlind sem nota verður á skilvirkan hátt og vegna eftirspurnar væri ekki svigrúm til þess að úthluta fleiri en einni tíðni til hverrar útvarpsstöðvar á sama svæði.

Engin svör bárust við bréfi PFS frá 20. júní 2016 og þann 25. október 2016 tók PFS ákvörðun nr. 15/2016 þar sem umsókn um aukatíðni á höfuðborgarsvæðinu var hafnað og lagt var fyrir Saga-Net Útvarp Saga ehf. að hætta notkun á tíðninni 102,1 MHz eigi síðar en 25. nóvember 2016. Enn fremur kom fram í ákvörðuninni að yrði tíðnin ennþá í notkun þann 25. nóvember 2016, myndi PFS grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/2003 og leggja á fyrirtækið dagsektir án frekari viðvarana.

Með bréfi dags. 15. nóvember 2016 samþykkti PFS beiðni Saga-Net Útvarp Saga ehf. um að ekki yrði gripið til frekari ráðstafana fyrr en eftir 20. desember 2016.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. kærði ákvörðun PFS nr. 15/2016 til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og krafðist ógildingar á ákvörðuninni og frestunar réttaráhrifa hennar á meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni.

Með úrskurði úrskurðarnefndar, 2. desember 2016, var kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

Þann 5. janúar 2017 tilkynnti PFS með bréfi að stofnunin hefði í hyggju að leggja dagsektir að upphæð kr. 75.000 á dag, á Saga-Net Útvarp Saga ehf. þar til látið yrði af heimildarlausri notkun á tíðninni 102,1 MHz. Veittur var frestur til 12. janúar 2017 til þess að koma á framfæri andmælum. Fresturinn var síðar framlengdur, að ósk Saga-Net Útvarp Saga ehf., til 19. janúar 2017.

Þann 19. janúar 2017 barst tölvupóstur frá Saga-Net Útvarp Saga ehf. þar sem áformum PFS um álagningu dagsekta var mótmælt.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. er ennþá að senda út dagskrána „Útvarp Saga“ á tíðninni 102,1 MHz, auk þess að senda hana út á 99,4 MHz.

III.

Andmæli Saga-Net Útvarp Saga ehf.

Í tölvupósti sínum, dags. 19. janúar 2017, mótmælir Saga-Net Útvarp Saga ehf. áformum PFS um álagningu dagsekta.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. bendir á að málinu (þ.e. ákvörðun 15/2016) hafi verið skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og telji forráðamenn Saga-Net Útvarp Saga ehf. það óeðlilegt að dagsektir verði lagðar á þar sem niðurstaða nefndarinnar liggur ekki fyrir.

Því er jafnframt haldið fram að það muni augljóslega hafa afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll stöðvarinnar ef dagsektir verða lagðar á og það sé í raun ígildi þess að loka fyrir starfsemi félagsins. Sendirinn á 102,1 MHz sé nauðsynlegur til útbreiðslu og dreifingar á stóru hlustunarsvæði stöðvarinnar á Suð-vesturhorni landsins og höfuðborgarsvæðinu sömuleiðis.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. segir lögin gera ráð fyrir að nýta þau tíðnisvið sem eru til staðar. Komið hefur fram hjá starfsmönnum PFS að stofnunin hefur nægilega mörg tíðnisvið eins og stendur og það er ekki verið að taka frá neinum öðrum stöðvum möguleika á að senda út útvarpsefni á meðan ágreiningurinn er til meðferðar og úrlausnar hjá æðra stjórnvaldi.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. segir að stjórnarsýslulögin geri ráð fyrir meðalhófi, sérstaklega þegar íþyngjandi þvingunaraðgerðum er beitt af hálfu stjórnvalds. Eðlilegt hefði verið að PFS hefði upplýst fjölmiðlanefndina um gang mála sérstaklega í ljósi þess að fyrirhugaðar aðgerðir muni hafa sömu áhrif og ef starfsleyfi væri afturkallað.

IV. Forsendur og niðurstaða

4.1. Lagaumhverfi

Samkvæmt c.-lið 2 töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er það hlutverk stofnunarinnar að ýta undir hagnýta notkun tíðna og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þeirra. Nánar er fjallað um skipulag tíðnirófsins og stjórnun þess í 14. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, en ákvæðið orðast svo:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum. Stofnunin getur ákveðið að ákvarðanir alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að, varðandi skipulag og nýtingu tíðnirófsins verði bindandi hér á landi og skal þá vísað til þeirra í tíðniskipulaginu sem stofnunin birtir.“

PFS úthlutar síðan einstökum réttindum til notkunar á tíðnum í samræmi við IV. kafla laga um fjarskipti og reglugerð nr. 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

Öll réttindi og skyldur samkvæmt tíðniheimildum falla niður þegar gildistíma þeirra lýkur og viðkomandi tíðnisvið verða laus til ráðstöfunar hjá PFS, sbr. 30. gr. reglugerðar 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

Í fjarskiptalögum er gert ráð fyrir að PFS búi yfir úrræðum til að bregðast við því ef ekki er farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir notkun tíðna eða einstökum ákvörðunum PFS varðandi tíðnimál. Hér er um að ræða beitingu dagsektar, afturköllun réttinda og í alvarlegustu tilvikum afskráning fjarskiptafyrirtækis sem jafngildir rekstrarstöðvun. Mælt er fyrir um heimild PFS til þess að leggja á dagsektir í 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki eða póstrekkandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, laga um fjarskipti eða laga um pósthjónustu, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Málskot til

úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.“

Sérstaklega er fjallað um beitingu dagsekta í tengslum við tíðnimál í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar nr. 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Fari tíðniréttshafi ekki að ákvæðum laga, reglugerða, skilyrðum í tíðniheimild, eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni, getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á og innheimt dagsektir á tíðniréttshafa til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið, sbr. 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.“

Samkvæmt framangreindu eru fyrir hendi skýrar lagaheimildir fyrir PFS til þess að leggja dagsektir á aðila sem notar tíðnir í leyfisleysi og gengur gegn ákvörðun PFS um bann við notkun á tíðni.

4.2. Um stjórn PFS á nýtingu tíðnirófsins

PFS ber að stuðla að skilvirkri og hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins, sbr. c-lið 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, 14. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerð 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

FM-tíðnisviðið er takmörkuð auðlind, eins og á við um öll tíðnisvið sem hafa verið skilgreind til tiltekinna nota í tíðnirófinu. Í ljósi langdrægni FM-útsendinga, takmarkaðs fjölda ákjósanlegra sendastaða á höfuðborgarsvæðinu, sem og truflunarhættu vegna nálægðar senda við hvorn annan, er um ræða takmarkað framboð af FM-tíðnum á umræddu svæði. Aðeins eru 11 lausar tíðnir sem hægt er að nota með góðu móti á höfuðborgarsvæðinu og þar af þarf að hafa 4 til reiðu fyrir skammtímaheimildir. Það eru því 7 tíðnir sem mögulegt er að ráðstafa til langtímanotkunar. Um 20 útvarpsdagskrár eru sendar út á höfuðborgarsvæðinu á einni tíðni og er því augljóslega ekki hægt að verða við óskum um að allir fái tvær tíðnir á svæðinu. Þess ber að geta að fleiri aðilar en Saga-Net Útvarp Saga ehf. hafa beint umsóknum og fyrirspurnum um aukatíðnir til PFS og fengið neikvæð svör. PFS hefur ekki úthlutað aukatíðnum á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 1998. Það ber og að hafa í huga að æskilegt er að hafa einhverjar tíðnir lausar ef nýir aðilar vilja koma inn á markaðinn, en það er eitt af hlutverkum PFS að stuðla að samkeppni.

PFS telur að það hafi komið skýrt fram frá upphafi þessa máls að ekki kæmi til greina að úthluta tveimur tíðnum varanlega til SagaNet ehf. fyrir sömu dagskrána á sama svæði og gat félagið því ekki haft neinar réttmætar væntingar um annað.

Á grundvelli ofanefndra sjónarmiða komst PFS að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni nr. 15/2016 að rétt væri að synja umsókn Saga-Net Útvarp Saga ehf. um aukatíðni á höfuðborgarsvæðinu og var þess krafist að fyrirtækið léti af óheimilli notkun tíðninnar 102,1 MHz eigi síðar en 25. nóvember 2016. Frekari rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu kemur fram í ákvörðuninni.

Þar sem síðasta framlenging á tímabundinni heimild til notkunar á tíðninni 102,1 MHz rann út 18. apríl 2016, er notkun SagaNet ehf. á tíðninni með öllu óheimil. PFS fer með vald til þess að úthluta tíðnum til fjarskipta og útvarpssendinga skv. IV. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og er því óheimilt að nota tíðnir án heimildar frá PFS. Samkvæmt 30. gr. reglugerðar 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum falla niður öll réttindi og skyldur samkvæmt

tíðniheimildum þegar gildistíma þeirra lýkur og viðkomandi tíðnisvið verða laus til ráðstöfunar hjá PFS.

4.3. Afstaða til sjónarmiða Saga-Net Útvarp Saga ehf.

4.3.1. Um áhrif málskots

Saga-Net Útvarp Saga ehf. telur að óeðlilegt sé að leggja á dagsektir á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd. PFS bendir á í því sambandi að úrskurðarnefnd hefur þegar tekið afstöðu til þess hvort fresta eigi réttaráhrifum ákvörðunar PFS nr. 15/2016. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hafna kröfu um frestun réttaráhrifa. Í niðurstöðum úrskurðarnefndar í úrskurði 2. desember 2016 segir m.a.:

„Hafa ber í huga að meginreglan er sú, að kæra frestar ekki réttaráhrifum kærðar ákvörðunar. Því verði að líta svo á að regla 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009, sbr. 2. mgr. 29. gr. stjórnisýslulaga, sé undantekningarregla sem ber að túlka þröngt.

Eftir athugun nefndarinnar á gögnum málsins og sjónarmiðum aðila telur hún að ekki séu skilyrði fyrir því að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. Beiting þess úrræðis kemur helst til greina þegar telja verði verulega hættu á því lögvarðir hagsmunir kæranda fari forgörðum með þeim hætti að efnisúrlausn málsins hafi í framhaldinu enga þýðingu. Í þessu máli háttar ekki þannig til. Úrskurðarnefnd hefur sérstaklega í huga að PFS hefur upplýst um að umræddri tíðni verði ekki úthlutað til annars aðila á þeim tíma sem málið verður til meðferðar hjá nefndinni. Auk þess er ljóst að hin kærða ákvörðun hefur það ekki í för með sér að útsendingar kæranda muni stöðvast, heldur er um óbreytta starfsemi að ræða frá því sem var áður en mál þetta hófst.“

Þar sem kröfu um frestun réttaráhrifa hefur verið hafnað er ljóst að ákvörðun PFS nr. 15/2016 stendur á meðan annað er ekki ákveðið. Saga-Net Útvarp Saga ehf. ber því að hlíta ákvörðuninni og hætta notkun tíðninnar 102,1 MHz. PFS ber að framfylgja ákvörðuninni og vísast í því sambandi m.a. til 1. mgr. 62. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 þar sem segir:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpssenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu.“

Það er óásættanlegt að fyrirtæki geti notað tíðnir í óleyfi, mánuðum og jafnvel árum saman með því að gera ágreiningsmál úr hinni óheimilu notkun og krefjast óbreytts ástands á meðan málið er rekið fyrir stjórnvöldum og e.t.v. fyrir dómstólum.

4.3.2. Um áhrif á rekstur Saga-Net Útvarp Saga ehf.

Saga-Net Útvarp Saga ehf. heldur því fram að það muni augljóslega hafa afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll stöðvarinnar ef dagsektir verða lagðar á og það sé í raun ígildi þess að loka fyrir starfsemi félagsins. Sendirinn á 102,1 MHz sé nauðsynlegur til útbreiðslu og dreifingar dagskrár stöðvarinn á stóru hlustunarsvæði stöðvarinnar á Suð-vesturhorni landsins og höfuðborgarsvæðinu sömuleiðis.

PFS telur rétt að líta til þess að útvarpsdagskráin „Útvarp Saga“ var send út á einni tíðni, 99,4 MHz, á höfuðborgarsvæðinu árin 2003-2015. Það felur því alls ekki í sér stöðvun á rekstri

stöðvarinnar ef slökkt verður á sendi á tíðninni 102,1 MHz. Þó svo að útbreiðsla sé betri á 102,1 MHz þá dugði sendir á tíðninni 99,4 MHz til þess að reka stöðina í 12 ár og hlýtur að geta dugað á meðan mál þetta er rekið fyrir úrskurðarnefnd. Úrskurðarnefnd taldi það ljóst í úrskurði sínum 2. desember 2016 að stöðvun útsendinga á 102,1 MHz myndi ekki hafa í för með sér að útsendingar kæranda muni stöðvast, heldur væri um óbreytta starfsemi að ræða frá því sem var áður en mál þetta hófst.

4.3.3. Um nýtingu FM tíðnisviðsins

Saga-Net Útvarp Saga ehf. segir lögin gera ráð fyrir að nýta þau tíðnisvið sem eru til staðar og að nægilega margar tíðnir séu lausar eins og stendur og ekki sé verið að taka frá neinum öðrum stöðvum möguleika á að senda út útvarpsefni.

PFS ber að stuðla að hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins. Í því fellst m.a. að PFS á gera kröfu um að tíðniréttihafar noti þær tíðnir sem þeir hafa heimild fyrir, á eins hagkvæman og skilvirkan máta og unnt er. Í þessu fellst ekki að PFS eigi að úthluta öllum tíðnum sem eru ekki í notkun á hverjum tíma.

PFS bendir á að þó til staðar séu lausar tíðnir á FM tíðnisviði þá eru þær alls ekki nógu margar til þess að úthluta öllum útvarpsstöðvum tveimur tíðnum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess þurfa að vera til staðar tíðnir fyrir skammtímaleyfi og æskilegt er að til staðar séu tíðnir fyrir nýjar útvarpsstöðvar sem kunna að vilja koma inn á markaðinn. Það er hvorki svigrúm til þess að úthluta tveimur tíðnum á höfuðborgarsvæðinu, né heldur til þess að láta útvarpsstöðvar komast upp með að nota aukatíðnir í heimildarleysi.

4.3.4. Um meðalhóf

Saga-Net Útvarp Saga ehf. segir að stjórnarsýslulögin geri ráð fyrir meðalhófi, sérstaklega þegar íþyngjandi þvingunaraðgerðum er beitt af hálfu stjórnvalds.

PFS telur að stofnunin hafi alls ekki gengið of hart fram í þessu máli. Minnt er á það að heimild til prófana á 102,1 MHz rann út 31. júlí 2015 og tíðnin er enn í notkun. PFS veitti endurtekið fresti til þess að ljúka prófunum á 102,1 MHz allt fram til 18. apríl 2016.

PFS hefur boðist til að hafa samstarf um að kanna möguleika á að bæta nýtingu og auka útbreiðslu á FM rás Útvarps Sögu. Ennfremur hefur stofnunin boðið Saga-Net Útvarp Saga ehf. að skipta um rás og fá tíðnina 102,1 MHz gegn því að skila inn tíðninni 99,4 MHz.

Með ákvörðun nr. 15/2016 var veittur mánaðarfrestur til þess að hætta útsendingum á 102,1 MHz. Síðar samþykkti PFS að fresta frekari aðgerðum fram yfir 20. desember 2016. Í dag eru liðnir tæpir 18 mánuðir frá því að upphaflegur gildistími heimildar til prófana á 102 MHz rann út. Það er því ekki hægt að segja að PFS hafi ekki sýnt mikla biðlund í þessu máli.

Dagsektir skv. 12. gr. laga um PFS nr. 69/2003 geta numið frá 50.000 – 500.000. PFS tilkynnti Saga-Net Útvarp Saga ehf. að stofnunin hygðist leggja á dagsektir að upphæð kr. 75.000 á dag, en sú upphæð er mjög nálægt neðri mörkum dagsektarammans og lægri en dagsektir sem PFS hefur beitt í flestum dagsektarmálum. Það er því ekki hægt að segja að upphæð dagsekta sé fram úr hófi.

PFS tilkynnti ennfremur að dagsektir myndu ekki leggjast á fyrr en mánuði frá því að ákvörðun um þær væri tekin og fær því Saga-Net Útvarp Saga ehf. enn einn mánuðinn til þess að bregðast við.

4.3.5. Um fjölmiðlanefnd

Saga-Net Útvarp Saga ehf. telur að eðlilegt hefði verið að PFS hefði upplýst fjölmiðlanefnd um gang mála sérstaklega í ljósi þess að fyrirhugaðar aðgerðir muni hafa sömu áhrif og ef starfsleyfi væri afturkallað.

PFS bendir á að engin lagaákvæði kveða á um að PFS eigi að hafa samráð við fjölmiðlanefnd í málum sem þessum. Auk þess er ljóst að aðgerðir PFS eru ekki ígildi afturköllunar starfsleyfis þar sem útvarpsstöðin var rekin í 13 ár með eina útsendingartíðni og hún mun að öllu óbreyttu halda þeirri tíðni áfram.

4.4. Niðurstaða um beitingu dagsekta

Í dag er fyrrnefnd ákvörðun nr. 15/2016 í gildi og samkvæmt henni ber Saga-Net Útvarp Saga ehf. að stöðva notkun á tíðninni 102,1 MHz. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur hafnað því að fresta réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Saga-Net Útvarp Saga ehf. er ennþá að nota umrædda tíðni og er þar með að brjóta gegn ákvörðun PFS. Liggur því beint við að beita lögboðnum úrræðum til þess að framfylgja ákvörðuninni og koma í veg fyrir ólögmett ástand.

Samkvæmt 62. gr. laga um fjarskipti skal PFS þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpsenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu.

Fari tíðniréttthafi ekki að ákvæðum laga, reglugerða, skilyrðum í tíðniheimild, eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar getur Póst- og fjarskiptastofnun, samkvæmt 36. gr. reglugerða 1047/2011, lagt dagsektir á tíðniréttthafa til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið, sbr. 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Dagsektir geta numið frá 50.000-500.000 kr. á dag. PFS telur í þessu að í þessu máli séu dagsektir að upphæð kr. 75.000 kr. hæfilegar. Fjárhæðin er ekki langt frá lögboðnu lágmarki dagsekta og er í samræmi við beitingu dagsekta í öðrum málum, en þó heldur lægri en algengast er.

Við ákvörðun um tímamörk á upphafi dagsekta horfir PFS til 2. mgr. 73 gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að ef ekki er farið eftir skilyrðum sem tengjast réttindum skuli að jafnaði veita eins mánaðar frest til að lagfæra það brot sem stofnunin hefur tilkynnt um. Þrátt fyrir að PFS hafi áður veitt fresti umfram lögboðinn mánaðarfrest þá þykir rétt og í samræmi við meðalhóf að dagsektir leggist ekki á fyrr en að einum mánuði liðnum frá töku ákvörðunar þessarar.

Ákvörðunarorð

Þann 24. febrúar 2017 verða lagðar dagsektir á Saga-Net Útvarp Saga ehf. að upphæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem liður þar til að félagið lætur af útsendingum á tíðninni 102,1 MHz.

Uppsöfnuð sektarfjárhæð verður innheimt á 14 daga fresti þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og

fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun, 23. janúar 2017

Hrafnkell V. Gíslason

Sigurjón Ingvason